

20. Eptir hlutkesti gekk sra Kristinn Daníelsson á Söndum úr tölu fulltrúa **81**  
 Búnaðarfelags Íslands, og var hann endurkosinn til 4 ára. **26. maí**
21. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir 1903:

## Tekjur:

1. Vætanlegar eptirstöðvar . . . . .	kr. 1600	
2. Jafnaðarsjóðsgjald . . . . .	— 3000	kr. 4600

## Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið . . . . .	kr. 1000	
2. Kostnaður samkvæmt 3. grein laga 2. október 1891 um skipun dýralækna . . . . .	— 275	
3. Amtsbókasafnið . . . . .	— 400	
4. 7. afborgun uppí bankalán (12000 kr.) frá 14. nóvember 1896 . . . . .	kr. 600	
og leigur 30. septbr. 1903 . . . . .	— 390	— 990
5. 3. afborgun uppí bankalán (5000 kr.) frá 30. júlí 1900 . . . . .	kr. 500	
og leigu 30. september 1903 . . . . .	— 175	— 675
6. Ferðakostnaður . . . . .	— 60	
7. Ýmislegt. . . . .	— 200	
8. Eptirstöðvar . . . . .	— 1000	kr. 4600

22. Amtsráðið samþykkti, að næsti aðalfundur þess yrði haldinn í Reykjavík.

33. Fyrir skriptir á fundinum veitti amtsráðið 25 kr.

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Vesturamtið, Reykjavík 26. maí 1902.

*J. Havsteen.*

## Skýrsla.

um aðalfund amtsráðs Norðuramtsins 17.—21. júní 1902.

Ár 1902, hinn 17. júní var aðalfundur amtsráðs Norðuramtsins settur og haldinn á Akureyri af amtmanni Páli Briem, amtsráðsmanni Húnavatnssýslu, Birni bónda Sigfússyni á Kornsa, amtsráðsmanni Skagafjarðarsýslu, Ólafi umboðsmanni Briem á Alfgeirsvöllum, amtsráðsmanni Eyjafjarðarsýslu Stefáni kennara Stefánsyni á Möðruvöllum, og amtsráðsmanni Suðurþingeyjarsýslu Árna prófasti Jónssyni á Skútustöðum.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða, árið 1901, með fylgiskjölum.

82

21. júní

- a. Jafnaðarsjóðs Norðuramtsins.
- b. Búnaðarsjóðs Norðuramtsins.
- c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað.
- d. Bókasafns Norðuramtsins.
- e. Prentsmíðjúsjóðs Norðuramtsins.
- f. Búnaðarsjóðs Eyjafjarðarsýslu og
- g. Þúsund ára afmælistjóðs Eyjafjarðarsýslu.

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar.

Amtsráðsmennirnir rannsökuðu reikninga þessa og gjörðu þá athugasemd við reikning bókasafns Norðuramtsins, að 30 aurar væru vantaldir til útgjalda og var hann þá samþykktur með athugasemd um að 30 aura mætti endurgjalda. Hinir reikningarnir voru samþykktir athugasemdalaust.

2. Forseti lagði fram sýslusjóðsreikninga úr öllum sýslum amtsins fyrir 1901, og sömuleiðis sýsluvegasjóðsreikninga úr sömu sýslum fyrir sama ár og ennfremur brúarsjóðsreikninga Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu s. á., alla með tilheyrandi fylgiskjölum. Amtsráðsmennirnir skiptu með sjer reikningum þessum til yfirskoðunar.
3. Framlagt var brjef sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, dags. 20. f. m., þar sem hann fer þess á leit fyrir hönd sýslunefndar Suðurþingeyjarsýslu, að amtsráðið leyfi að sleppt væri innheimtu í sýslusjóðinn á þeim 80 kr. 50 aur., sem höfðu verið greiddar fyrir beinan kostnað sýslunefndarmanna útaf fundarhaldi árið 1900, af því nú væri bæði erfitt að innheimta fje þetta, enda hefðu sýslunefndarmenn álitid, að þessi útgjöld væru eigi ólögleg.

Með tilliti til þessa ákvað amtsráðið að við svo búid mætti standa í þetta sinn, en tók það fram að eptirleiðis mætti eigi greiða lík útgjöld úr sýslusjóði.

4. Forseti lagði fram reikning gróðrarstöðvarinnar á Akureyri fyrir 1901 með fylgiskjölum. Amtsráðsmanni Eyjafjarðarsýslu var falið að endurskoda reikning þennan.
5. Framlagðir voru reikningar búnaðarskólans á Hólum 1900—1901, og reikningar yfir tekjur og gjöld kirkjunnar þar s. á., með fylgiskjölum athugasemdum og svörum. Amtsráðið athugaði reikninga þessa, og úrskurðaði þá á þessa leið:

I. Við reikning kirkjunnar var ekkert að athuga.

II. Við hina reikningana:

1. Upplýst með svarinu.
2. Til athugunar.
3. Leiðrjettist í næsta reikningi.
4. Upplýst með svarinu.
5. Sömuleiðis.
6. Til athugunar.

## 7. Sömmuleiðis.

## 6. Forseti lagði fram :

1. Skrá yfir innstæðu Hólaskóla, 14. maí 1902.
2. Skrá yfir eignir Hólaskóla, afhentar Flóvent búfræðing Jóhannssyni sem leigufje vorið 1902.
3. Lýsing og virðingargjörð á húsum og öðrum mannvirkjum á Hólum í Hjaltadal vorið 1902.
4. Skrá yfir innstæður Hólaskóla 20. maí 1902.
5. Eptirrit af uppboðsgjörð 20. maí 1902.

Jafnframt skýrði hann frá því, að Flóvent Jóhannsson hefði skömmu fyrir fardaga tekið við jörðinni Hólum ásamt búfje 8056 kr. 75 a. virði og lausafjarmunum 3071 kr. 25 a. virði, samkvæmt leigusamningi milli hans og forseta amtsráðsins. Að gefnu tilefni lýsti amtsráðið yfir því, að búfræðingur Flóvent Jóhannsson skyldi með samþykki forseta amtsráðsins, hafa rjett til að leigja jörðina Hof, hjáleigu Hóla, að áskildum rjetti hins núverandi leiguliða, samkvæmt leigusamningi dags. 24. maí 1898.

7. Framlagt var afrit af sjóðsreikningi Hólaskóla frá 14. maí 1901 til 14 maí 1902 með upplýsingum skólastjóra Jósefs Björnssonar um fjárhag skólans. Samkvæmt þessu er skólinn sjálfur nú að öllu leyti skuldlaus, þegar sleppt er skuldum þeim, sem amtið stendur í við landssjóð, sem eru að upphæð 20,145 kr. 81 e. Eignir skólans eru nú :

1. Jörðin með skólahúsi metin . . . . .	kr. 34,000 00
2. Innstæður leigðar Flóvent Jóhannssyni . . . . .	— 11,128 00
3. Innstæður skólans metnar . . . . .	— 1,756 97
4. Uppboðsandvirði . . . . .	— 1,539 50
	<hr/>
	Alls kr. 48,424 47

En uppboðsandvirðið á að ganga til viðgjörða á skólahúsinu, og til að kaupa áhöld fyrir skólann og kirkjuna. Amtsráðið ákvað að fela forseta að fara þess á leit við landshöfðingja að lánum þeim, er amtsráðið hefir tekið úr landssjóði til Hólaskóla, mætti breyta þannig, að lánið yrði 20,000 kr. með alborgun og vöxtum 1200 kr. á ári, og felur forseta að gefa út þar að lútandi skuldbindingar fyrir hönd amtsráðsins.

8. Forseti lagði fram bónarbrjef um kennarastöður við skólann. Amtsráðið veitti búfræðiskandídat Sigurði Sigurðssyni frá Draflastöðum 1. kennarastöðuna við skólann frá 15. okt. þ. á. og 2. kennarastöðuna Jósef búfræðing Björnssyni á Vatnsleysu frá 15. okt. 1903 með þeim rjettindum og skyldum, er forseti amtsráðsins ákveður og þar á meðal uppsagnarfresti, er skal vera að minnsta kosti 6 mánuðir, áður skólaárið byrjar næst eptir upp ögnina. Amtsráðið álitur mjög nauðsynlegt að 2. kennari geti farið utan næsta vetur, og kynnt sjer kennslu á búnaðarskólum erlendis og sjerstaklega meðferð mjólkur, smjörgerð og osta; og felur þá forseta að mæla með því við Búnaðarfjelag Íslands að veita honum styrk í þessu efni. Það kom til um-

82  
21. júní

ræðu, að setja á stofn mjólkurskóla að sumrinu á Hólum, en amtsráðið áleit rjettara að fresta þessu máli fyrst um sinn.

9. Framlögð var skýrsla um kennslu Zófóníasar prófests Halldórssonar í Viðvík í móðurmálinu og ritgerðum á því. Um leið og amtsráðið lætur í ljósi ánægju sína yfir kennslu þessari, felur það forseta að hlutast til um, að þessari kennslu verði haldið áfram og að semja um tímakennslu næsta vetur, eptir því sem nauðsynlegt virtist. Veitti amtsráðið til þessa augnamiðs allt að 150 kr.
10. Amtsráðið tól forseta að gefa út nýja auglýsingu um inntöku lærisveina á Hólaskóla, þar sem tekið væri fram, að piltar skyldu leggja sjer til rúmföt.
11. Framlagt var brjef frá prófasti Zófóníasi Halldórssyni í Viðvík, dags. 5. þ. m., þar sem hann óskar eptir því, að amtsráðið hlutist til um að gjört verði við kirkjuna á Hólum, og keypt væri til kirkjunnar altarisklæði, altarisdúkur og vinkanna. Amtsráðið ákvað því, að fela forseta að útvega nákvæma áætlun um aðgjörð á kirkjunni, fyrir næsta amtsráðsfund, og að verja allt að 150 kr., til þess að kaupa áðurnefnda muni til kirkjunnar.
12. Amtsráðsmaður Eyjafjarðarsýslu lagði fram reikning gróðrarstöðvarinnar, er hann hafði endurskoðað. Var reikningurinn síðan samþykktur athugasemdalaust.
13. Amtsráðið tók til ihugunar að garðrækt hjer í Norðuramtinu væri yfirleitt á fremur lágu stigi, og áleit það, að helzta ráðið til þess, að efla hann væri að koma á garðyrkjuskóla í sambandi við gróðrarstöðina á Akureyri. Amtsráðið felur forseta sínum að sækja til Búnaðarfelags Íslands um styrk bæði til gróðrarstöðvarinnar og til garðyrkjuskóla hjer á Akureyri.
14. Amtsráðsmennirnir lögðu fram sýslusjóðsreikningana og voru þeir samþykktir með þessum athugasemdum:
  - a. Við reikning Sudurþingeyjarsýslu þótti þetta athugavert.
    1. Við gjaldlið 3. vantar kvittun fyrir 51 kr., er talin er greidd landfógeta, og ber að útvega hana og senda.
    2. Á fylgiskjali 19. við gjaldalið 4. er eigi tilfærð sú upphæð, er kvittað er fyrir.
    3. Á fylgiskjali 34. við gjaldalið 10. er reiknað fyrir húsalán, átroðning og ýmsan annan kostnað við sýslufundinn kr. 78,95. Þessi upphæð er eigi sundurliðuð, og telur amtsráðið það vítavert.
  - b. Við reikning Eyjafjarðarsýslu þótti ekkert athugavert.
  - c. Við reikning Skagafjarðarsýslu þótti athugavert, að 2 stálstrengir, sem keyptir hafa verið handa sýslusjóði fyrir kr. 33,50 a., eru eigi taldir í skýrslu um eignir og skuldir sýslunnar.
  - d. Við reikning Húnavatnssýslu þótti ekkert athugavert.
15. Amtsráðsmennirnir lögðu fram sýsluvegasjóðsreikningana og voru þeir samþykktir með þessum athugasemdum:
  - a. Við sýsluvegasjóðsreikning Sudurþingeyjarsýslu, þótti athugavert, að sund-

urliðaða reikninga um vegagjörðirnar í sýslunni vanta, og ber að útvega og senda þá ásamt upplýsingum, í hverju vegagjörðirnar eru fölgjar. **82**

21. júní

b. Við hina sýsluvegasjóðsreikningana þótti ekkert athugavert.

16. Amtsráðsmennirnir lögðu fram brúarsjóðsreikninga Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu.

Við brúarsjóðsreikning Húnavatnssýslu þótti ekkert athugavert, og var hann því samþykktur athugasemdalaust, en við brúarsjóðsreikning Skagafjarðarsýslu þótti athugavert, að oftaldar hafa verið til útgjalda kr. 5,36, eins og sýslumaðurinn hefir skýrt frá í brjefi með reikningunum, og ber að endurgjalda þær í næsta reikningi. Var reikningurinn samþykktur með þessari athugasemd.

17. Framlagt var brjef frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu dags. 29. marz þ. á., þar sem hann sækir um fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, að amtsráðið samþykki þá breytingu á sýsluveginum í Kirkjukvammshreppi að í stað sýsluvegarins fyrir norðan svokallaða Hvammsá að Kirkjuhvammi yrði vegurinn niður með Hvammsá að norðan ofan á verzlunarstaðinn Hvammstanga tekinn í sýsluvegatölu.

Amtsráðið samþykkti þetta.

18. Framlagt var brjef frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu dags. 19. apríl þ. þ., þar sem hann sækir um fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, að veita mætti 150 kr. úr sýsluvegasjóði til dragferju yfir Eyjafjarðará á Stokkahlaðahyl.

Amtsráðið samþykkti þetta.

19. Framlagt var brjef frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu dags. 19. apríl þ. á., þar sem hann sækir um fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, að vegurinn frá Hörgárbrú undan Möðruvöllum út á Ásláksstaðamela verði tekinn í sýsluvegatölu, en vegurinn frá Glæsibæ út á Ásláksstaðamela felldur úr tölu sýsluvega.

Amtsráðið samþykkti þetta.

20. Framlagt var brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu dags. 7. apríl þ. á., þar sem hann óskar þess fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, að amtsráðið samþykki, að sýslunefndin megi taka að sjer ábyrgð á eptirstöðvum af láni, er Viðvíkur- og Hólahreppur hafa tekið úr Söfnunarsjóði Íslands fyrir nokkrum árum til afrjettarkaupna að afleifum 3,400 kr.

Amtsráðið samþykkti þetta.

21. Framlagt var bónarbrjef frá Karli Finnbogasyni um 400 kr. styrk til þess, að halda áfram námi við kennaraskóla í Danmörku.

Amtsráðið sá sjer eigi fært, að verða við þessari beiðni.

22. Forseti lagði fram bónarbrjef um styrk af Prentsmíðjusjóði Norðuramtsins og Austuramtsins frá námspiltum á Möðruvallaskóla, Birni Jónssyni á Hreiðarstöðum og Jóni Jónssyni á Auðúlfsstöðum, og frá námsmeyjum á kvennaskóla Eyfirðinga: Jóhönnu Gunnlaugsdóttur frá Einarsnesi og Soffíu Jóhannesdóttur frá Ísafirði.

Amtsráðið veitti hverjum þessara umsækjanda 27 kr.

- 82 23. Forseti lagði fram skýrslur um hag styrktarsjóða alþýðufólks í amtinu.  
21. júní
24. Framlögð voru bónarbrjef frá stjórn kvennaskóla Eyfirðinga um venjulegan styrk til kvennaskóla þessa, og bónarbrjef frá sýslumanni Húnavatnssýslu um 400 kr. styrk til kvennaskólans í Húnavatnssýslu, og fylgdu bónarbrjefum þessum reikningar skólanna og skýrslur þeirra.
- Kvennaskóla í Húnavatnssýslu voru veittar 400 kr. með 3 atkvæðum gegn 2. Amtsráðsmaður Eyjafjarðarsýslu bar fram þá tillögu, að kvennaskóla Eyfirðinga væru einnig veittar 400 kr., en sú tillaga var felld með 3 atkvæðum gegn 1. Kvennaskóla Eyfirðinga voru því næst veittar 300 kr.
26. Framlagt var bónarbrjef frá forstöðukonu kvennaskóla Húnavetninga um 300 kr. styrk til vefnaðarkennslu í eitt skipti fyrir öll. Amtsráðið veitti fje þetta með samhljóða 3 atkvæðum.
27. Framlögð voru og lesin upp eptirrit af gjörðabókum allra sýslunefnda fyrir yfirstandandi ár:
- Fundargjörðir Suðurlingeyjarsýslu frá 10—15. marz þ. á. Við fundargjörðina þótti athugavert, að sýslunefndin hafði veitt til sýslunefndarmanna fyrir gistingu, rúmlán o. fl. kr. 53,25, sem er eigi löglegt.
  - Fundargjörðir Eyjafjarðarsýslu frá 8—12. apríl þ. á. og þótti ekkert við þær að athuga.
  - Fundargjörðir Skagafjarðarsýslu frá 24—28. febr. þ. á. og þótti ekkert við þær að athuga.
  - Fundargjörðir Húnavatnssýslu frá 10—15. marz þ. á. og þótti ekkert við þær að athuga.
27. Forseti skýrði frá því, að hann hefði samkvæmt ósk sýslumannsins í Þingeyjarsýslu og leyfi meiri hluta amtsráðsmanna farið þess á leit við Búnaðarfelag Íslands, að fá Magnús dýralæknir Einarsson til þess, að rannsaka svokallaða sóttarpest á sauðfje í Þingeyjarsýslu, og hefði Magnús dýralæknir Einarsson síðan verið ráðinn til ferðarinnar, en ferðin farizt fyrir vegna íss. Forseti gat þess jafnframt, að í ráði hefði verið að Magnús dýralæknir Einarsson rannsakaði sóttarpest á sauðfje í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Amtsráðið fól forseta sinum, að gjöra fyrirspurn um það, hver árangur yrði af rannsóknum þessum.
28. Forseti lagði fram skýrslur um grenjaleitir, um heilbrigði sauðfjár og um heilbrigði manna. Amtsráðið athugaði skýrslur þessar.
29. Forseti lagði fram ýms skjöl og skilríki viðvíkjandi fjárkláðamálinu, og ræddi amtsráðið málið mjög rækilega. Amtsráðið ljet þvínæst í ljósi það álit sitt, að því fyndist eigi rjett að verja stórfje til ráðstafana gegn fjárkláðanum, sem yrði að skodast ófullnægjandi til þess að vinna bug á honum. Amtsráðið áleit, að það væri því að eins rjett að leggja þungar byrðar á landsmenn í þessu efni, að það væri örugg von um að ráðstafanirnar gætu leitt til algerðrar útrýmingar fjárkláðanum.

Amtsráðið viðurkennir að visu með þakklæti, að hin nýju lög frá 8,

nóv. 1901 um fjárkláðann feli í sjer mjög þýðingarmiklar rjettarbætur, og **82**  
 að heimild er veitt til að verja miklu fje úr sjóði landsins til ráðstafana **21. júní**  
 gegn fjárkláðanum, en hinsvegar getur amtsráðinu ekki dulizt, að það enn  
 eru ýms atriði, sem gjöra vonina um útrýming fjárkláðans mjög veika.  
 Fyrst og fremst virðist skilningur manna á því, hvort hin nógildandi fjár-  
 kláðalög fyrirskipi útrýmingu fjárkláðans, talsvert mismunandi, og svo er  
 framkvæmdarvaldinu þannig skipt, að ráðstafanirnar geta orðið svo mis-  
 munandi í ömtum landsins, að lítið eða ekkert samræmi kann að verða  
 milli þeirra. Þannig getur það að álitu amstráðsins komið fyrir, að ráðstaf-  
 anirnar í einum hluta landsins miðuðu til þess að útrýma fjárkláðanum al-  
 gjörlega, en í hinum hluta landsins miðuðu ráðstafanirnar einungis til þess,  
 að bæla fjárkláðann þannig niður, að lítið beri á honum, og afleiðingin yrði  
 sú, að þótt það heppnaðist að útrýma fjárkláðanum á einum stað, þá flyttist  
 hann þó bráðlega þangað aptur annarstaðar frá. Ennfremur álitur amts-  
 ráðið að eptirlit með böðunum sje eigi svo fyrir komið samkvæmt lögunum,  
 að veruleg trygging sje fyrir því, að baðanir verði framkvæmdar svo sem  
 vera ber, og loks lætur amtsráðið í ljós, að það væri æskilegt að aðstoð  
 fróðs manns við ráðstafanir gegn fjárkláða í Norður- og Austuramtinu sje  
 ekki einungis bundin við eitt fjárhagstímabil, heldur við tímann frá því að  
 byrjað er á slíkum ráðstöfunum og þangað til þeim er hætt.

Amtsráðið álitur því nauðsynlegt, að á næsta alþingi verði skipuð nefnd  
 manna til þess, að athuga og koma fram með tillögur um það, hvernig ráð-  
 stöfunum gegn fjárkláðanum skuli haga, svo að sem bezt samræmi verði á  
 milli þeirra um land allt, svo og um það, hvernig eptirliti með framkvæmd-  
 um og ráðstöfunum gegn fjárkláðanum verði fyrirkomið á sem tryggilegast-  
 an og beztan hátt, og loks um það, hvaðan eigi að leggja fram fje, ef  
 breyting væri gjörð á því eptirleidis, sem nú er lögákveðið. Amtsráðið fel-  
 ur amtsráðsmönnum sínum Árna prófasti Jónssyni, kennara Stefáni Stefáns-  
 syni og umbodsmanni Ólafi Briem, sem allir eiga sæti á alþingi, að bera  
 fram á næsta alþingi tillögur um skipun nefndar þeirrar, sem hjer hefir  
 verið talað um.

Í sambandi við þetta álitur amtsráðið eigi rjett að gjörðar sjeu, eins og  
 málið liggur nú fyrir, ráðstafanir gegn fjárkláðanum, sem geti leitt til mik-  
 illa útgjalda fyrir landsjóð, hvorki fyrir baðlyf eða annað, en í trausti til  
 þess að alþingi auðnist að finna heppileg ráð til þess að unninn verði bugur  
 á fjárkláðanum, vill amtsráðið veita 800 kr. til undirbúnings algerðri útrým-  
 ing fjárkláðans, einkum til þess, að menn geti lært kláðalækningar af kláða-  
 fróðum manni.

30. Framlagt var brjef frá stjórn kvennaskóla Eyfirðinga dags. 21. þ. m., þar  
 sem hún sækir um 200 kr. styrk til vefnaðarkennslu.

Amtsráðið veitti þetta með samhljóða 3 atkvæðum.

31. Amtsráðið kaus í bókasafnsnefnd til 3 ára amtmann Pál Briem, bæjarfógeta  
 Klemens Jónsson og ritstjóra Einar Hjörleifsson.

- 82 32. Var þá samin og samþykkt svohljóðandi áætlun um tekjur og gjöld jafnað-  
2. júní arsjóðs Norðuramtsins 1903.

Tekjur:			
1. Áætlaðar eptirstöðvar . . . . .		Kr.	1000,00
2. Jafnaðarsjóðsgjald . . . . .		—	6000,00
			Kr. 7000,00
Gjöld:			
1. Til amtsráðsins . . . . .		Kr.	500,00
2. Til menntamála:			
a. Kvennaskóli Eyfirðinga.			
1. Tillag . . . . .	kr. 300,00		
2. Til að kaupa áhöld og verkefni til vefnaðarkennslu . . . . .	— 300,00	kr. 600,00	
b. Kvennaskóli Húnavatnssýslu.			
1. Tillag . . . . .	kr. 400,00		
2. Til að eignast áhöld og verkefni til vefnaðarkennslu . . . . .	— 300,00	— 700,00	
c. Til bókasafns Norðuramtsins . . . . .	— 500,00		
d. Til búnaðarskóla á Hólum.			
1. Afborgun og vextir af láni hans	kr. 1200,00		
2. Búnaðarskólagjald . . . . .	— 900,00		
3. Tillag til skólans . . . . .	— 800,00	kr. 2900,00	— 4700,00
3. Tillag til Búnaðarfjelags Íslands . . . . .		—	400,00
4. Vextir og afborgun af spítalaláni . . . . .		—	200,00
5. Til ráðstafana gegn fjárkláða . . . . .		—	200,00
6. Til undirbúnings algerðri útrýming fjárkláðans . . . . .		—	800,00
7. Til óvissra útgjalda . . . . .		—	200,00
			Kr. 7000,00

Fleira kom ekki til umræðu.

Fundarbók lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 21. júní 1902.

Páll Briem.      Árni Jónsson.      Ólafur Briem.  
Björn Sigfússon.      Stefán Stefánsson.

Íslands Norður- og Austuramt. Akureyri, 24. júní 1902.

*Páll Briem.*